



Svæfing barns - undirbúningur

Eftirfarandi upplýsingar eiga við um undirbúning barns sem þarfnast svæfingar vegna skurðaðgerðar eða annarrar lækni meðferðar.

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í forsjáraðila nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufari barns sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu, veita upplýsingar um undirbúning fyrir aðgerð og svara spurningum. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því til að hægt sé að minnka hættu á að það endurtaki sig. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum/deyfingum.
- Heilsufar og sjúkdóma.
- Hæð og þyngd.
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum.
- Lyfjanotkun, þar með talið notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna. Ef barn tekur lyf reglulega er gott að hafa lyfjalista við hendina.

Undirbúningur fyrir svæfingu

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og barninu líður betur ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Borða má mat þar til 6 klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekka má þurrmjólk eða stoðmjólk þar til 4 klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekka má brjóstamjólk þar til 3 klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekka má tæra drykki (ekki mjólkurdrykki) þar til komið er á spítalann. Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu t.d. vatn, sykurvatn, tær ávaxtasafi eða lítill frostpinni (án súkkulaðis og mjólkurlaus).
 - » Barn fimm ára eða yngra má drekka hálf glas.
 - » Barn eldra en fimm ára má drekka eitt glas.
- Eftir komu á spítalann veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð en fasta þarf á tæra drykki í klukkustund fyrir aðgerð.

Ráðlagt er að gefa barninu tæran drykk eða lítinn frostpinna, án mjólkur og súkkulaðis, áður en lagt er af stað á spítalann.

Undirbúningsleikur fyrir börn og foreldra

Til er undirbúningsleikur sem heitir *Mína* og draumalandið. Hann er ætlaður börnum á aldrinum 4-8 ára. Tilgangur leiksins er að hjálpa barni og foreldrum þess að undirbúa sig fyrir svæfingu í tengslum við lækni meðferð og getur verið gagnlegur fyrir foreldra til að útskýra hvað í vændum er. Um 30 mínútur tekur að spila leikinn.



Mína and the Land of Dreams
Hehto Oy
Designed for iPad
Free

Leikurinn er aðgengilegur í App store og Google play og best er að nota spjaldtölvu ef hún er til á heimilinu. Leikurinn er sóttur með því að slá inn: „Mína and the land of dreams“. Valið er tungumál, annað hvort á forsiðu eða með því að smella á tannhjól í efra vinstra horni. Hægt er að velja um nokkur tungumál m.a. íslensku, ensku og finnsku.

Leikföng

Sumum börnum finnst gott að hafa með sér uppáhaldsleikfang á spítalann, svo sem bangsa, dúkku eða bók.

Koma á spítalann

Við komu á deildina fer barnið í föt frá spítalanum, fær armband með nafni sínu og kennitölu og fer í rúm.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Oft er gefið kvíðastillandi lyf áður en farið er á skurðstofu. Einnig fær barnið einn eða fleiri plástra með staðdeyfingu (EMLA) til að minnka sársauka við ísetningu æðaleggs. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur.

Til athugunar

Sumar aðgerðir eru áhættusamari ef sýking er til staðar og því getur þurft að fresta aðgerð tímabundið.

Einkenni sýkingar geta til dæmis verið hiti, ógleði, uppköst, niðurgangur, hósti eða önnur kvefeinkenni.

Láttu deildina sem barnið á að mæta á vita ef það fær einkenni sýkingar rétt fyrir áætlaðan aðgerðardag. Ef deild er lokuð er skiptiborð beðið um að koma upplýsingunum til skila.

Símanúmer

Landspítali - skiptiborð

543 1000